

SÍMAFRÍÐUR Í VALHÚSASKÓLA

VERKLAGSREGLUR

Nemendur

- Nemendur mega ekki nota síma á **skólatíma** og gildir það á öllum svæðum skólans í kennslustundum, frímínútum, hádegi, bókasafni, vettvangsferðum, skólaferðalögum, íþróttum og sundi.
- Ef nemandi kemur með síma í skólann skal vera slökkt á honum/stillt á flugstillingu og ofan í **tösku eða í læstum skáp**. Að auki skulu snjallúr vera stillt á flugstillingu.
- Ef foreldrar þurfa að ná sambandi við nemendur á skólatíma snúa þeir sér til skrifstofu sem kemur boðum áleiðis.
- Athugið að ef nemandi kemur með síma í skólann þá er það alltaf á ábyrgð foreldra.

Brot á ofangreindu

- Unnið er skv. agaferli skólans við brot á skólareglum.
- Þegar nemandi er kominn með **þrjár skráningar** hefur umsjónarkennari samband við foreldra og er málið unnið í samvinnu við þá.
- Þegar nemandi er kominn með **fimm skráningar** er fundur með foreldrum, nemanda og stjórnanda og gerð áætlun til úrbóta sem gæti verið eftirfarandi:
 - Samningur við nemanda, forréttindamissir o.fl.
 - Nemandi geymi símann á skrifstofu skólans á skólatíma á ákv. tímabili.
 - Nemandi komi ekki með símann í skólann í ákv. tíma sem væri á ábyrgð foreldra.
 - Annað

Dæmi um viðbrögð:

- Ef nemandi notar símann á skólatíma og neitar að hætta þá er hann beðinn um að afhenda símann eða honum vísað með símann til næsta stjórnanda sem hefur samband heim og fundin er lausn á málinu.

Skráning í mentor:

- Brot eru skráð í dagbók nemenda með fyrirsögninni **brot á símareglum** og birt umsjónarkennara og foreldrum.